



Borgarráð

Vesturtröð 2, Úlfhljótsvatn – Sumarhús, sala

Óskað er eftir að hætt verði við sölu á sumarhúsi að Vesturtröð 2 á Úlfhljótsvatni og hún leigð áfram til skrifstofu borgarstjórnar.

Greinargerð

Þann 6. desember 2022 var eftirfarandi tillaga samþykkt í borgarstjórn:

D-14 Tillaga um að sumarhús borgarstjórnar verði selt. Lagt er til að sumarhús borgarstjórnar við Úlfhljótsvatn (lóð 170944, eignanúmer 08065) verði selt. Áætla má að verðmæti sumarhússins sé á bilinu 25 til 30 milljónir króna. Söluandvirðið verði fært á handbært fé.

Í framhaldinu var eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar falið að setja eignina í sölumeðferð.

Skv. 7. gr. lóðarleigusamnings er sala mannvirkja leigutaka óheimil nema með samþykki leigusala sem og framleiga lóðarréttindanna. Skv. 4. gr. samningsins er kveðið á um að ákveði leigutaki að hverfa burt af lóðinni eða leigusamningur renni sitt skeið á enda, hefur leigusali innlausnarrétt á mannvirkjum á lóðinni samkvæmt samkomulagi aðila eða samkvæmt mati tveggja dómkvaddra matsmannna og skal það mat vera endanlegt. Kjósi leigusali ekki að nýta sér innlausnarréttinn skal leigutaki fjarlægja öll sín mannvirki af lóðinni og kemur ekkert endurgjald fyrir mannvirkin. Skal leigutaki skila lóðinni veðbanda- og kvaðalausri.

Samkvæmt ákvæðum í lóðarleigusamningi var haft samband við landeiganda þann 14. júlí 2023 og félaginu boðið að kaupa eignina.

Niðurstaða viðræðna við Sameyki var sú að landeigandi hugðist ekki neyta réttar síns til að kaupa bústaðinn né samþykkja framleigu lóðarréttindi og/eða annan leigutaka inn á svæðið.

Reykjavíkurborg væri hins vegar heimilt að selja bústaðinn til þeirra félaga sem væru leigutakar á landi landeiganda við Úlfhljótsvatn.

Um væri að ræða Faxaflóahafnir sf., Félagi Íslenskra hjúkrunarfræðinga og Starfsmannafélagi S.V.R. Þegar eftir því var leitast hafði ekkert félaganna hafði áhuga á að eignast bústaðinn. Ekki væri samþykkt að selja öðrum stéttarfélögum/félagasamtökum eignina

Samkvæmt því sem hér framar er rakið er talið fullreynt að selja eignina með þeim kvöðum sem á eigninni hvíla.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa